

51. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar
Fundurinn haldinn 2. febrúar 2018 kl. 8.10 við Norðurgötu

Mættir: Jóachim Birgir Andersen 10. bekk, Patrick Gabríel Bors 9. Bekk, Brynja Hafsteinsdóttir fulltrúi foreldra, Jón Garðar Steingrímsson fulltrúi foreldra, Halla Óladóttir fulltrúi kennara, Sigurlaug Ragna Guðnadóttir fulltrúi kennara, Katrín Andersen fulltrúi stjórnar foreldrafélagsins, Guðrún Guðmundsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri.

Dagskrá:

1. Niðurstöður nemendakönnunar

Flett var í gegnum niðurstöður könnunarinnar frá 3. nóvember 2017 og þær ræddar.

2. Skólareglur

Skólastjóri lagði til að skólareglur yrðu endurskoðaðar m.t.t. orkudrykkja sem innihalda mikið magn af koffíni þ.a. skólareglur mæli gegn neyslu á slíkum drykkjartegundum vegna óæskilegra áhrifa á börn og unglunga. Borið hefur á neyslu orkudrykkja á meðal unglunga í vetur.

Fundurinn samþykkir að breyta öryggisreglum skólans þannig að fram komi að aldrei eigi að neyta orkudrykkja sem hafi óæskileg áhrif á líkamsstarfsemi í gegnum miðtaugakerfið.

Ástæður þessa má finna á heimasíðu Matvælastofnunar 2.02.2018. Þar kemur m.a. fram:

- Orkudrykkir er samheiti yfir drykki sem innihalda einhvers konar örvandi efni og eiga þeir það allir sameiginlegt að innihalda koffín, þó í mismiklu magni.
- Hafa ber í huga að neysla á koffíni í stórum skömmtum getur haft ýmis óæskileg áhrif á líkamann og andlegt ástand, ekki síst hjá börnum og unglungum.
- Áhrif koffíns á börn eru meiri en hjá öðrum þar sem taugakerfi þeirra er enn að þroskast.
- Óæskileg áhrif geta komið fram hjá börnum jafnvel eftir tiltölulega litla neyslu koffíns.
- Dagleg neysla barna og unglunga á koffíni ætti ekki að vera meiri en 2,5 mg/kg líkamspýngdar.

Sjá nánar á <http://www.mast.is/matvaeli/almennar-upplysingar/koffin/>

3. Önnur mál

Niðurstöður Olweuskönnunar voru kynntar, könnunin fór fram á meðal nemenda í 5.-10. bekk byrjun desember 2017.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9.20
Jónína Magnúsdóttir